

Erindi til sveitarstjórnar Flóahrepps.

Það er dásamlegt þegar sveitarfélagið og íbúar hafa metnað til að leggja umhverfinu lið. Þess vegna gladdist ég þegar ég sá neðangreinda auglýsingu frá Flóahreppi nú fyrir örskömmu;

„Hreinsunaráttak hefst formlega á morgun. Við hvetjum íbúa þó auðvitað til þess að huga að umhverfinu í kringum sig allt árið.“

Þetta eru háleit og góð markmið, ekki þó síst vegna þess að í seinni tíð hafa augu fólks beinst að því að umhverfi og umgengni hefur áhrif á líðan fólks. Að upplifa frið og ró, að horfa á eitthvað fallegt, sækja sér kraft og styrk í náttúruna er talið mannbætandi í hugmyndafræði nútímans.

Þar sem Flóahreppur er, að því ég best veit þátttakandi í Heilsuefandi samfélagi og Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna er vandséð hvernig umgengni á lóðum sveitarfélagsins í Heiðargerði rýmar við þau háleitu markmið sem tilgreind eru í Heilsuefandi samfélagi og Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna og eiga að stuðla að heill og hamingju íbúanna.

Það rann mér um hugskotssjónir eitt augnablik hvort fulltrúar Flóahrepps þyrftu ekki að líta í spegil varðandi umgengni á lóðum við Heiðargerði, og velta því fyrir sér hvernig þeir ætla að uppfylla þau ágætu markmið sem hreppurinn er að beina til íbúanna.

Spurningar sem við íbúar á Lambastöðum leggjum fram eru einfaldar.

1. Hvernig og hvenær ætlar Flóahreppur að taka á þeim sóðaskap sem þrífst á umræddum lóðum?
2. Hvað ætlar Flóahreppur að bjóða lengi upp á þetta ógeð sem þarna þrífst?
3. Hvað er sveitarstjórn Flóahrepps að gera í málinu?

Skriflegt svar óskast.

Gjört á Lambastöðum þann 31. maí 2023  
Svanhvít Hermannsdóttir/Almar Sigurðsson  
Ferðabjónustubændur Lambastöðum.

Meðfylgjandi eru myndir sveitarstjórnarfulltrúum til upplýsinga.